

### Kæru nemendur og foreldrar!

Síðustu skóladagarnir eru að renna upp og aðeins nokkrir dagar eftir af skólaárinu þegar þetta fréttabréf berst til ykkar. Á næstu blaðsíðum er skipulag umhverfisdaganna og gott er að kynna sér það vel. Mörgum



finnst að þegar börnin hætta að sitja yfir námsbókunum sé formlegu skólastarfi lokið en það er ekki í hugum okkar sem störfum í skólanum. Markmiðið með umhverfisdögunum er að leggja aðrar áherslur í náminu, skoða ýmislegt í náttúrunni og hvað grenndarsamfélagið hefur upp á að bjóða.

Af starfsmannamálum er það að fréttu að Hulda Einarsdóttir matráður hefur sagt starfi sínu lausu við skólann. Einnig hefur Sara Svanlaugsdóttir gert það sem og Elvar Smári Sævarsson sem var í leyfi í vetur. Matthildur B. Jónsdóttir sem hefur starfað í eldhúsi og frístund hefur einnig sagt starfi sínu lausu. Þuríður námsráðgjafi og Sigurður Arnarson fara í leyfi á næsta skólaári. Tinna Gunnarsdóttir skólaliði en hún hefur verið í barnsburðarleyfi í vetur hefur sagt starfi sínu lausu. Enn á eftir að ráða í nokkrar stöður og eru auglýsingar á Akureyrarvefnum en búið er að ráða Eddu Línberg í íþróttakennsluna og þrjá nýja umsjónarkennara. Niðurröðun umsjónarkennara á bekkni má sjá hér aftar í bréfinu. Skóladagatalið fyrir næsta skólaár er komið á heimasíðuna og einnig skýringar sem fylgja því.

Þar sem þetta er síðasta fréttabréfið á skólaárinu vil ég þakka ykkur kæru nemendur og foreldrar fyrir samstarfið á þessu skólaári sem senn er að ljúka. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við ykkur á næsta skólaári en það hefst með skólasetningu þann 22. ágúst. Einnig vil ég nota tækifærið og bjóða nýja nemendur velkomna í skólann en þetta er fyrsta fréttabréfið sem berst til foreldra nemenda í tilvonandi 1. bekk. Að lokum óska ég þeim nemendum sem eru að fara frá okkur góðs gengis í nýjum skóla.

Megið þið eiga ljúfa og góða daga í sumarleyfinu!

Ólöf Inga

### Skólaslit vorið 2017

verða föstudaginn 2. júní sem hér segir:

Nemendur í 1. - 9. bekk kl. 12:30 að loknum skóladegi í íþróttahúsinu. Foreldrar og aðrir aðstandendur velkomnir.

Eftir ávarp á sal fara nemendur með umsjónarkennurum í bekkjarstofunum. Áætlað að þessi stund vari í klukkustund.

Nemendur í 10. bekk mæti kl. 15.00 í Glerárkirkju á útskriftarathöfn. Foreldrar mæta að sjálfsögðu með en aðrir fjölskyldumeðlimir eru einnig velkomnir.

Að lokinni útskrift er öllum boðið í kaffi í mötuneyti skólans. Það er 10. bekkur og aðstandendur sem koma með bakkelsi en foreldrar nemenda í 9. bekk hafa umsjón með kaffinu.

### Á döfinni í júní:

31. maí - 2. júní Umhverfis dagar  
2. júní Skólaslit

# UMHVERFISDAGAR 2017

Grillaðar pylsur verða föstudaginn 2. júní í boði fyrir alla. Skóladeginum lýkur kl. 13.00 báða þessa daga og þeir sem eru skráðir í Frístund fara þangað.

Miðvikudagur 31. maí	Fimmtudagur 1. júní	Föstudagur 2. júní
<b>1. bekkur</b> Hittingur með leikskólum ( Krógaból og Síðusel) á Álfról. Nesti, tjöld og leikföng	<b>1. bekkur</b> Strætó í bæinn, andapollur, leikvöllur í Brekkuskóla, ís	
<b>2. bekkur</b> Strætó í innbæinn. Sigla bátunum, sem nemendurnir smíðuðu. Ís í nesti.	<b>2. bekkur</b> Ferð í miðbæ. Nonnahús, Akur-eyrarkirkja, Ráðhúsið, Hof, hafnarsvæðið við Hof.	
<b>3. bekkur</b> Háskólinn HA, Íslandsklukkan, leiksvæðið við Glerárskóla	<b>3. bekkur</b> Lystigarðurinn, ís í Brynju eða í miðbænum	
<b>4. Bekkur</b> Heimsókn á golfvöllinn þar sem starfsmenn taka á móti okkur og eru með golfkennslu/leiki.	<b>4. Bekkur</b> Gróðursetning í Síðuskólareitinn í Lögmannshlíð. Gulli sér um að útvega birkiplöntur og stafi.	
<b>5. Bekkur</b> Minjasafnið/Siglingaklúbbur	<b>5 . bekkur</b> Hjólaferð, ís og leikir (heima hjá Ernu kennara)	Skoðunarferð í Rauða krossinn Fræðsla um starfsemina.
<b>6. bekkur</b> Farið í göngutúr og endað í grilli. Þar verður farið í Sílabás og leikið í fjöru og klettum. Grillaðir hamborgarar áður en haldið verður heim í skóla.	<b>6. bekkur</b> Dagskrá í umsjá Umsjónarkennara. Tiltekt í skólastofum og vinnusvæðum Þrautir á útisvæði ca. ein klukkustund	
<b>7. Bekkur</b> Farið í Kjarnaskóg, hægt að grilla og farið í leiki. Hægt að hjóla eða fara með strætó. Kennarar koma með kol og sósu en nemendur annað.	<b>7 . bekkur</b> Rattleikur niður í miðbæ sem Rainer sér um. Skipt í hópa og hóparnir vinna saman.	

# UMHVERFISDAGAR 2017

Á umhverfisdögunum lýkur skóladeginum kl. 13.00 báða og þeir sem eru skráðir í Fristund fara þangað. Fyrirkomulag þann 2. júní má sjá hér á forsiðunni.

Miðvikudagur 31. maí	Fimmtudagur 1. júní	Föstudagur 2. júní
	<b>8. bekkur</b> Davíðshús með strætó. Nesti á flötinni fyrir framan húsið. Gengið niður í Hafnarstræti hjá kirkjunni inn að Nonnahúsi upp Nonnastíg, framhjá Nonnasteini og endað í Brynju. Ís og strætó heim. Verkefni unnið í hópum á göngunni, stoppað við merkar byggingar og listaverk.	<b>8. bekkur</b> Nemendur gróðursetja plöntur á gróðursetningasvæði ofan Síðuhverfis. Gulli sér um að útvega birkiplöntur og plöntustafi. Nesti borðað þar og farið í leiki. Mæting í Síðuskóla til að aðstoða við grill milli hálf ellefu og ellefu. <b>Grill í Síðuskóla</b> 8. bekkingar aðstoða við að grilla og framreiða pylsur fyrir nemendur og starfsfólk.
	<b>9. bekkur</b> <b>Naustaborgir eða Kristnes.</b> Hjólaferð. Tálga, strandblak (í Kjarna, völlum 2 kl. 09:30-12), leikir, grill? Vagn 6 fer kl. 8:37 í Naustahverfi	<b>9. bekkur</b> <b>Krossanesborgir</b> Gönguferð. Skoðum náttúru og sögu og leysum fáein verkefni. Tökum verkefni og setjum í kassa sem geymdur verður í 6 ár.
	<b>10. bekkur</b> Hjólaferð. Strandblak (í Kjarna, völlum 1 kl. 09:30-12), leikir, grill. Vagn 6 fer kl. 8:37 í Naustahverfi.	<b>10. Bekkur</b> Gönguferð niður í bæ í formi ratleiks. Nemendur leysa þrautir og svara spurningum. Endum í ísbúð Akureyrar í miðbænum 10 15. Gengið heim í grill þeir sem vilja. Aðrir fara heim að undirbúa sig fyrir útskrift.

## Umsjónarkennarar skólaárið 2017-2018

1. bekkur Magga Tomm og Hilla
2. bekkur Elfa Björk og Tobba
3. bekkur Magga Bald og Sigga Bjarna
4. bekkur Kristín H. og Sigrún Ás
5. bekkur Rósa Hrefna og Þórdís Eva
6. bekkur Hulda Guðný og Andrea Diljá
7. bekkur Jóhanna og Jónína
8. bekkur Bibbi og Helga Lyngdal
9. bekkur Sigrún og Sigga Jó
10. bekkur Björk og Hafdís

Ýmislegt er verið að gera núna síðustu daga fyrir sumarfrí, eins og sést á meðfylgjandi myndum.





## Gangi ykkur vel 10. bekkingar!

Myndin er af 10. bekkungum ásamt umsjónarkennurum, hún var tekin í des. sl. Flest þeirra hafa verið í skólanum í 10 ár sem er þó nokkur partur af heillri mannsævi. Við óskum ykkur öllum í 10. bekk velfarnaðar á komandi árum! Kærar kveðjur frá starfsfólki Síðuskóla.



## Velkomnir tilvonandi 1. bekkingar!

Næsta haust munu 43 nemendur hefja nám í 1. bekk Síðuskóla. Á sama hátt og það er stór áfangi að útskrifast úr grunnskóla er það einnig stórt skref að hefja nám í grunnskóla. Við bjóðum ungu nýnemana velkomna í skólann með haustinu og hlökkum til að vinna með þeim næstu tíu árin.

